

Ed.

313. Breytingartillögur

við frv. til 1. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Aftan við 5. gr. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Rannsóknir á búfjársjúkdómum hefir þó einnig rannsóknarstofa háskólans með höndum, svo og eftir því, sem um semur, aðrar gerlarannsóknir í þágu rannsóknarstofnunarinnar.

2. 14. gr. orðist þannig:

Þegar rannsóknarstofnunin sjálf, háskólaráð og atvinnuáráðherra ákveða, skal rannsóknarstofnunin verða sérstök deild við Háskóla Íslands, og nefnist hún þá atvinnudeild. Gilda þá um stjórn deildarinnar og skipun starfsmanna hennar sömu lög og um aðrar deildir háskólans. Um skipulag atvinnudeildarinnar að öðru leyti og starfsemi hennar skal ákveða í reglugerð háskólans.

Við atvinnudeildina skal svo fljótt sem því verður við komið tekin upp kennsla í fræðigreinum þeim, sem deildin fjallar um, og skyldum námsgreinum, og skal þá lögð sérstök áherzla á fyrrihlutanámsgreinar tekniskra fræða og náttúruvísinda með hliðsjón af, að síðari hluti námsins geti farið fram erlendis. Um kennsluna og um próf í námsgreinum skal ákveðið í reglugerð.

3. Síðari málsg. 15. gr. verði svo hljóðandi:

Rannsóknarstofnunin tekur til starfa er Háskóli Íslands hefir séð henni fyrir húsnæði. Háskólanum er þó óskilyt að leggja meira en 200 þús. kr. fram til byggingar þeirrar. Rannsóknarstofnunin greiði háskólanum helminginn af því fé, sem henni ber samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, upp í byggingarkostnaðinn.